

## Álag ferðamennsku á náttúru Íslands

Fimmtudaginn 30. október kl. 17.00–18.00 í Öskju -  
náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands  
(við hlið Norræna hússins) – aðalsalur (stofa 132)

### ALLIR VELKOMNIR



Með vaxandi fjölda gesta til landsins hafa áhyggjur fólks af álagi á land og þjóð farið vaxandi. Sumarið 2014 var umræða um sýnilegt álag á helstu náttúruperlur landsins vegna fjölda gesta mikil. Myndir af skemmdum vegna utanvegaaksturs voru áberandi og fjölmiðlar ræddu um viðhorf gesta til og umgengni þeirra um landið. Á fjórðu örráðstefnu Rannsóknamiðstöðvar ferðamála verður farið yfir stöðu þekkingar á álagi á náttúru landsins af völdum ferðafólks og hvernig hægt er að bregðast við því.

Ráðstefnan er haldin að undangengnu þingi Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnunar um áhrif ferðafólks á náttúru Íslands. Á örþinginu verður dreginn saman lærdómur þingsins í örstuttum 5 mínútna erindum og að því loknu verður opnað fyrir umræður og spurningar.

#### Frummælendur örráðstefnu

Dr. Andrés Arnalds Landgræðsla ríkisins

Dr. Rannveig Ólafsdóttir Háskóli Íslands

Ingibjörg Eiríksdóttir Umhverfisstofnun

Friðrik Dagur Arnarson Kennari og landvörður

Guðmundur Ingi Guðbrandsson Framkvæmdastjóri Landverndar

Ráðstefnustjóri: Edward H. Huijbens

Sjá nánar [rmf.is](http://rmf.is)